

Fimmtudaginn 22. júní 1995.

Nr. 432/1993.

Guttormur Rafnkelsson

(Trygvi Gunnarsson hrl.)

gegn

dánarbúi Rafnkels Jónssonar

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Eignarréttur. Landamerki. Frávísun frá héraðsdómi að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1993. Krefst hann þess aðallega, að hafnað verði kröfu stefnda um viðurkenningu á eignarrétti yfir landspildu norðaustur af eldra landi jarðarinnar Dýhóls í Nesjahreppi, sem greind er í eignardómsstefnu 30. apríl 1992 og afmörkuð á uppdrætti, er fylgdi með stefnunni. Til vara krefst hann þess, ef fallist yrði á kröfu stefnda, að mörk landspildunnar að norðaustan verði miðuð við fjallsrætur undir Arnarhömrum, þ. e. við línu dregna úr punkti 10 metra ofan við enda skurðar á línunni C-B í punkt 80 metra ofan við enda efri skurðar á línunni R-A á uppdrættinum, í stað línunnar A-B, sem talin er fylgja efstu brún á skriðum við neðstu klettabelti Arnarhamra. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta varðar eignarrétt yfir um 62 ha landspildu ofan við upphaflegt land jarðarinnar Dýhóls í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu, er til varð sem nýbýli úr landi jarðarinnar Árnanes (Austurbæjar) árið 1939. Liggur spildan til norðausturs frá Dýhóli upp að Arnarhömrum, þar sem sameiginlegt fjalllendi Árnanesjarða tekur við. Er hún austasti hlutinn af svonefndu Efralandi jarðanna, sem er allfjarri bæjunum í Árnanesi og var cinkum nýtt til

beitar. Næst spildunni að norðvestan er samsíða spilda, sem tilheyrir Árnanesi II (Austurbæ efri). Sú jörð var áður eign Vilmundar Jónssonar, bónda þar, en er nú í eigu dóttursonar hans, Vilmundar Hansen. Suðaustan spildunnar liggur land Hóla í Nesjahreppi og jarðarinnar Ártúns, sem er nýbýli þaðan. Eru mörk spildunnar á þessar hliðar óumdeild. Um mörk hennar til norðausturs er það óumdeilt, að þau nemi við Arnarhamra, en aðila greinir á um, hvort miða beri markalínu við fjallsrætur eða neðstu klettabelti. Um mörkin til suðvesturs hefur áfrýjandi gert þá athugasemd, að hið eldra land Dýhóls nái ekki alla leið að hinni tilgreindu markalínu, eins og stefndi haldi fram, og eigi Árnanes I (Austurbær neðri) þá land þar á milli. Spildan er annars aðskilin frá landi þeirrar jarðar, sem nú er í eigu áfrýjanda.

Málið er höfðað sem eignardómsmál á grundvelli 220. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Eftir þingfestingu í héraði var því markaður farvegur sem máli milli stefnda og áfrýjanda, án þess að hreyft væri athugasemd við stefnuforminu af hálfu hins síðarnefnda, en fyrir liggur, að eigandi Árnanes II, sem hagsmuni gat átt að verja, styður í raun málstað stefnda. Við þingfestinguna var þingsókn af hálfu ýmissa eigenda og leigutaka að fjalllendi Árnanesjarða, eins og frá greinir í hinum áfrýjaða dómi, og gerðu þeir áskilnað um rétt til síðari málshöfðunar vegna landamerkja milli þess og hinnar umdeildu landspildu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð bréf um fjallskil í Nesjahreppi árin 1971 og 1973 og hvert árunna 1979-1986 og 1991-1992. Bera þau með sér, að ábúanda á Dýhóli hafi ekki verið gert að taka þátt í smölun afréttarlanda þessi ár. Frá Árnanesbæjum var áskilin þátttaka árin 1971 og 1973, en ekki síðarnefndu árin.

II.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, er sakarefni málsins að verulegu leyti fólgið í ágreiningi um það, hverjar ráðstafanir Guðrún Árnadóttir, sem var móðir bræðranna Páls og Guðjóns Jónssona í Árnanesi og Rafnkels Jónssonar á Dýhóli, hafi gert um jörðina Árnanes í lifanda lífi. Hún bjó þar frá 1929 eftir föður þeirra og Vilmundar Jónssonar, sem fyrr var nefndur, en andaðist í júlí 1953. Var

búi hennar þá lýst sem eignalaus, án þess að nokkru hefði verið þinglýst um arftöku eða framsal á eignarráðum yfir jörðinni, öðru en því afsali til Rafnkels árið 1939, sem lá til grundvallar að stofnun nýbýlis á Dýhóli. Reisir stefndi dómkröfu sína á því, að móðir Rafnkels hafi afhent sér þrætulandið árið 1942 sem viðbótarland við Dýhól í samræmi við búskaparþarfir sínar með samþykki hinna bræðranna. Styðst það við framburð Arnbjargar Sveinsdóttur, eiginkonu Rafnkels, og skriflega yfirlýsingu hans sjálfs, sem fyrir lá við gerð dómsáttar í landamerkjamáli árið 1991. Áfrýjandi rekur hins vegar rétt sinn til bræðranna Páls og Guðjóns, sem tóku við búi í Árnanesi I án þinglýstrar heimildar að jörðinni frá foreldrum sínum. Telur hann þrætulandið hafa fylgt þar með, þar sem það hafi aldrei verið skilið frá jörðinni. Um þetta nýtur hvorki beinna frásagna né skriflegra gagna.

Af gögnum málsins verður ráðið, að Rafnkell Jónsson hafi ekki gert tilkall til annars lands eða mannvirkja í Árnanesi eftir lát móður sinnar og ekki tekið þátt í ráðstöfunum á landi til þriðja aðila, er fram fóru síðar. Var svo meðal annars, þegar landi neðan þjóðvegur var afsalað Flugmálastjórn árið 1964.

III.

Í hinum áfrýjaða dómi er ýtarlega lýst helstu málavöxtum og meginefni framburðar aðila og vitna, sem einkum varðar nýtingu Efralandsins og framkvæmdir þar á liðnum áratugum. Á það verður að fallast með héraðsdómara, að frásagnir af nýtingu landspildunnar veiti ekki eindregna vísbendingu um eignarráð yfir henni.

Ágreiningslaust er þó í málinu, að nýbýlið á Dýhóli hafi í öndverðu verið ætlað til garðyrkju og bóndanum verið nauðsyn á aðgangi að frekara landrými, þegar hann hóf þar búfjárrækt. Jafnframt liggur fyrir, að þrætulandið var nýtt samfellt frá jörðinni eftir það til beitar fyrir kýr og annan búpening. Landið var þá ekki afgirt frá næstu hlutum Efralandsins, svo að beitarnýting á svæðinu var gagnkvæm. Hést svo fram undir árið 1970, er Vilmundur Jónsson lauk við gerð veituskurðar og girðingar, er skildu milli spildu hans og þrætulandsins. Var aðgangur að landinu frá Árnanesi I ekki óhindraður eftir það. Frásögnum ber ekki saman um, hvort hross frá þeirri jörð hafi verið höfð á landinu eftir þetta, en þau afnot virðast þá

hafa verið lítilvæg. Er framburður vitnisins Þorleifs Hjaltasonar í Hólum meðal annars á þá leið.

Krafa stefnda fær enn fremur stoð í framburði Vilmundar Hansen, sem var langdvölum í Árnanesi á æskuárum og styður vottorð sitt um landamerki við frásögn afa síns. Eins og þar er að vikið, gerðist það einnig við framkvæmdir Vilmundar Jónssonar um árið 1970, að hann jók nokkru við land Rafnkels Jónssonar með staðsetningu veituskurðarins í beitolandinu og við svonefndan Götuhól í nánd við bæinn á Dýhóli. Þá er og staðfest með gögnum, að Rafnkell hafi kostað til kílræsa á þrætolandinu í tengslum við þessar framkvæmdir.

Þegar þetta er virt ásamt því, sem fyrr var rakið, og lítið er til legu landspildunnar og afstöðu hennar til annarra eignarhluta úr landi Árnanes, verður fallist á það með héraðsdómara og þá með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti, að taka beri til greina kröfu stefnda um viðurkenningu á eignarrétti yfir spildunni.

IV.

Varakrafa áfrýjanda varðar norðausturmörk landspildunnar, en óumdeilt er, sem fyrr segir, að þau beri að setja, þar sem fjalllendi tekur við. Ástæðna til hennar var getið þegar í greinargerð í héraði, en krafan ekki mótuð fyrr en við munnlegan málflutning, og reifun hennar í málinu er fábrotin. Að auki er áfrýjandi ekki einn aðili að þeim hagsmunum, sem varða þessi landamerki eða umferð á mótum heimalands og fjalllendis. Ber að fallast á það með héraðsdómara, að leggja eigi dóm á málið án tillits til þessarar kröfu, og er rétt, að henni verði vísað frá héraðsdómi.

Hinn áfrýjaði dómur verður þannig staðfestur með ákvæði þessa efnis.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Varakröfu áfrýjanda, Guttorms Rafnkelssonar, er vísað frá héraðsdómi.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefnda, dánarbúi Rafnkels Jónssonar, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 30. september 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 30. september, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-10/1992: Dánarbú Rafnkels Jónssonar gegn Guttormi Rafnkelssyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var á aukadómþingi Austur-Skaftafellssýslu 24. júní 1992 og tekið til dóms eftir endurflutning í Héraðsdómi Austurlands 23. september sl., er höfðað með réttarstefnu, út gefinni 20. mars 1992, en birtri í Lögbirtingablaðinu 30. apríl 1992, þar sem Arnbjörg Sveinsdóttir, kt. 061211-5949, til heimilis að Dýhóli, Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, er situr í óskiptu búi eftir mann sinn, Rafnkel Jónsson, gerir eftirfarandi dómkröfur: „að fá viðurkenndan með dómi eignarrétt dánarbús Rafnkels Jónssonar, síðast til heimilis að Dýhóli, Nesjahreppi, yfir landspildu, sem liggur til norðausturs frá eldra landi Dýhóls til fjalls (upp í skriður við neðstu klettabelti í Arnarhömrum). Land þetta er 62 ha að stærð og afmarkast nánar af eftirfarandi markalínunum á meðfylgjandi uppdrætti, dags. 27. 2. 1992, sem gerður er af Þorgrími Eiríkssyni verkfræðingi, en skoða ber uppdrátt þennan sem hluta af dómkröfum í máli þessu. Markalínurnar eru eftirfarandi: „að suðaustan (gagnvart löndum jarðanna Hóla og Ártúns, Nesjahreppi) af 1298,71 m langri línu, sem dregin er til norðausturs frá punkti, merktum P á uppdrættinum, um punkt C upp í Arnarhamar austast í punkt B á uppdrættinum; að norðaustan fylgir línan efstu brún á skriðum við neðstu klettabelti Arnarhamra frá punkti B í punkt A á uppdrættinum, að norðvestan (gagnvart landi jarðarinnar Árnanes, Austurbæjar efri, Nesjahreppi) af beinni 1455,10 m langri línu úr punkti A til suðvesturs í punkt R og að sunnan af beinni 469,85 m langri línu, sem dregin er milli punktanna R og P, á mörkum eldra lands Dýhóls og þess lands, sem hér er krafist eignardóms yfir.“

Við flutning málsins krafðist stefnandi einnig málskostnaðar úr hendi stefnda auk virðisaukaskatts.

Guttormur Rafnkelsson, kt. 110147-7519, Árnanesi III, Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, var við þingfestingu eignardómsmálsins og tók til varna. Endanlegar dómkröfur hans eru þær aðallega, að hafnað verði öllum kröfum stefnanda í málinu; til vara, ef krafa stefnanda verði tekin til greina, að mörk landspildunnar að norðaustan verði miðuð við fjallsrætur, þ. e.

línu, sem dregin er úr punkti 10 metra ofan við skurðsenda á línunni C til B í punkt, sem er 80 metra frá efri skurðsenda á línunni R til A, en ekki línuna A til B, sbr. uppdrátt, er fylgir stefnu.

Þá hefur stefndi krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda auk virðis-aukaskatts.

Við þingfestingu málsins á aukadómþingi Austur-Skaftafellssýslu 24. júní 1992, var þingsókn af hálfu ýmissa eigenda og leigutaka að fjalllendi Árnarnessjarða, en bókun var lögð fram af þeirra hálfu á dómþingi 23. febrúar 1993, þar sem fram kemur, að þeir hafi: „ . . . ákveðið að mæta ekki frekar í máli þessu, en nái kröfur stefnanda í málinu fram að ganga, áskilja þessir aðilar sér og meðeigendum sínum allan rétt til að reka sérstakt mál um merki milli landspildunnar og hins sameiginlega óskipta fjalllendis Árnarnessjarða, sem þeir telja, að liggi við fjallsrætur, til samræmis við girðingar annarra spildna úr Árnarnessjörðum, en ekki við neðstu klettabelti í Arnarhömrum, eins og stefnandi heldur fram“.

Sáttatilraunir hafa reynst árangurslausar.

II.

Málavextir.

Aðilar að dánarbúi Rafnkels Jónssonar eru Arnbjörg Sveinsdóttir, ekkja hins látna, stefndi sjálfur, Guðrún, Jón Benedikt, Sveinn, Rafn Arnar og Birna.

Með samningi, gerðum að Hólum 14. nóvember 1939, afhenti Guðrún Árnadóttir syni sínum, Rafnkeli Jónssyni, hinum látna eiginmanni Arnbjargar Sveinsdóttur, til fullra umráða land til nýbýlis úr landi Guðrúnar, Árnanesi, Austurbæ neðri, og náðu mörk þess lands norðaustur að landi því, sem nú er krafist eignardóms yfir. Í samningnum, sem þinglýst var 11. júlí 1940, segir um mörk landsins: „Á austursíðuna ræður mörkum landamerkjagirðing milli Hóla og Árnarness, að sunnan ræður landamerkjalinan, er liggur frá Hólum til Bjarnaness, að vestan, milli þjóðvegarins og símalínunnar, ræður girðing, er liggur um miðjan eystri Strýtuklett. Vesturmörk landsins fyrir ofan veg liggja frá veginum 700 metra í norðaustur, og liggur sú markalína í austurhorn Götuhólagirðingar. Að norðaustanverðu er markalína frá áður nefndum punkti (700 m na. frá veginum) austur í fremri brún í Klettinum næst fyrir neðan Árnarnesshelli, og er sú lína 350 m að lengd.“

Stefnandi kveður mörkin ná norðaustur að línu R til P, eins og þær eru teiknaðar á uppdraetti, er fylgir stefnu. Stefndi hefur hins vegar gert þá athugasemd við kröfulínur stefnanda, að línan P til R sé ekki rétt dregin mið-

að við þinglýst landamerki Dýhóls frá 1939 og land sitt, Árnanes I, nái því lengra til suðvesturs en línan P til R segi til um. Hefur stefndi skorað á stefnanda að leggja fram uppdrátt, sem sýni mælingar á landi Dýhóls í samræmi við landamerkjalýsinguna frá 14. nóvember 1939, en stefnandi hefur haldið sig við uppdráttinn, sem fylgir stefnu.

Árnanes hefur jafnan verið talið ein af bestu jörðum í Nesjahreppi, og var hún fyrrum mikil hlunnindajörð, auk þess sem tún í Árnanesi munu hafa verið með stærra móti í Nesjahreppi, en í Árnanesi hafa jafnan verið mörg býli, og er Dýhóll og hið umdeilda land ekki stór hluti af Árnanesslandi. Upplýst er í málinu, að ekki fóru fram formleg búskipti á Árnanesi eftir hjónin Jón Benediktsson, sem lést 30. desember 1929, og Guðrúnu Árnadóttur, síðari konu hans, sem lést 12. júlí 1953. Var bú Guðrúnar gefið upp eignalaust við andlát hennar skv. vottorði sýslumannsins í Vík, dags. 26. október 1992. Hið cina, sem hefur verið formlega skipt úr Árnanesi til erfingja Guðrúnar, virðist skv. gögnum málsins vera þinglýsta afsalið til Rafnkels Jónssonar frá 14. desember 1939.

Þeir bræður voru samfeðra, Vilmundur, sem var fyrri hjónabandsbarn, Páll, Guðjón og Rafnkell. Virðist sem svonefndur Austurbær efri, land norðvestan við þrætulandið, hafi komið í hlut Vilmundar, sem hóf sjálfstæðan búskap árið 1921, en Árnanes I í hlut Páls og Guðjóns, og kveður stefndi þrætulandið fylgja Árnanesi I.

Landið ofan þjóðveggar, a. m. k. vestan Ártúns, virðist í daglegu tali hafa verið kallað Efraland, þ. m. t. þrætulandið, en stykkið í Austurbæ efra fyrir vestan þrætulandið Villaland, þ. e. land Vilmundar Jónssonar og síðar Huldu Mogensen.

Mörk nýbýlisins lágu árið 1939 að Árnanesi að norðan og vestan, en að landi Hóla að austan. Árið 1950 er stofnað býlið Ártún úr landi Hóla. Lágu mörk Ártúns að hluta að landi Dýhóls og að þrætulandinu, en Hólar voru enn með mörk að hluta til við land Dýhóls. Var Ártún í eigu Sigurðar Hjaltasonar til ársins 1960, er það komst í eigu Gísla Eymundar Hermannssonar, en það, sem eftir var af Hólum, er í eigu Þorleifs, bróður Sigurðar. Girðing á mörkum Árnaness og Hóla, eins og jarðirnar voru þá, var reist um 1913, en hún var síðan endurreist árið 1958 og aftur árið 1987, en skurður á þeim sama stað, þá milli þrætulandsins og Ártúns, á árunum milli 1950 og '60. Girðing sú, sem liggur á milli Austurbæjar efra og þrætulandsins, var reist um 1970 og skurður grafinn um svipað leyti, og var girðingin endurnýjuð um 1980.

Þegar Rafnkell Jónsson fékk landspildu þessa árið 1939, hafði hann fyrirhugað að stunda þar garðrækt, en þegar til kom, reyndist land þetta lítt not-

hæft til garðræktar, sökum þess að stór hluti þess var mosa vaxið hraun og klappir með mýrasundum á milli.

Stefnandi kveður, að á þessum tíma hafi ekki verið komin tæki til að ræsa fram landið, og því hafi verið tekið til við að ala upp bústofn, kýr og kindur. Til þess að reka slíkt bú hafi þurft viðbótarland, og árið 1942 hafi Rafnkell fengið land til eignar frá móður sinni til viðbótar og í framhaldi til norðausturs af því landi, er honum var afhent 14. nóvember 1939. Ekki hafi þó verið gengið formlega frá þessari afhendingu á viðbótarlandinu, en systkinum Rafnkels hafi verið kunnugt um þessa ákvörðun móður þeirra og látið það óátalið. Síðan þá hafi Rafnkell litið á þetta viðbótarland sem sína eign og nytjað sem slíkt tæplega hálfa öld, en Rafnkell andaðist 23. febrúar 1991.

Stefndi er þinglýstur eigandi að jörðinni Árnanesi I frá árinu 1983, er hann eignaðist jörðina að hálfu sem arf við skipti á dánarbúi Páls Jónssonar og að hálfu skv. afsali frá Guðjóni Jónssyni. Hann kveður landspildu þá, sem stefnandi gerir kröfu til, vera innan landamerkja Árnanes I, en mörk spildunnar gagnvart svonefndu fjallendi Árnanesjarða, sem sé sameiginleg eign stefnda og fleiri aðila, séu ekki að öllu leyti ljós skv. gögnum. Í framkvæmd hafi verið miðað við, að þau mörk væru við fjallsrætur, en ekki við neðstu klettabelti í Arnarhömrum.

Stefndi kveður ekki hafa verið girt sérstaklega eða grafið á merkjum landspildunnar gagnvart landi Vilmundar Jónssonar fyrr en um árið 1970, er þeir bræður, Páll, Guðjón og Vilmundur Jónssynir, hafi látið grafa skurð á merkjunum og girt að auki. Milli landspildunnar og lands Ártúns hafi hins vegar verið gömul landamerkjagirðing, sem hafi ekki verið sauðheld frá því um miðja öldina og til ársins 1987, er eigandi Ártúns og stefndi hafi endurreist girðinguna. Meðan landspildan hafi verið illa girt, hafi hún verið nýtt sameiginlega til beitar af þeim bræðrum, Páli, Guðjóni og Vilmundi, einkum fyrir stórgripi, en vegna lélegra girðinga hafi búfé af öðrum bæjum einnig verið þar á beit. Þannig hafi eitthvað verið um, að búfé frá Dýhóli, Hólum og Ártúni og fleiri bæjum hafi farið á landspilduna, án þess að sérstaklega hafi verið við því amast, enda óhægt um vik, vegna þess að girðingar hafi verið engar eða lélegar. Eftir að þeir bræður hafi látið grafa og girða á milli sín um 1970, hafi Páll og Guðjón notað landspilduna öðru hverju fyrir hross, meðan þeir lifðu.

Sennilega um árið 1970 hafi Rafnkell fengið leyfi bræðra sinna, Páls og Guðjóns, til að rækta viðbótarland ofan við land Dýhóls, og kveðst stefndi muna vel, þegar það leyfi hafi verið veitt, og hafi þeir eingöngu verið að lána landið og heimila afnot af því, meðan eigandi Árnanes I þyfti ekki á

því að halda, og aldrei hafi verið gengið frá formlegri heimild Rafnkels. Þetta land sé að mestu eða öllu leyti suðvestan línu P til R á uppdrætti.

Um 1970, eftir að landspilda sú, sem stefnandi gerir kröfur til, hafi verið afgirt að öðru leyti en því, að hún hafi enn verið opin til fjalls, hafi þeir bræður, Páll og Guðjón, tímabundið heimilað Rafnkeli afnot af landspildunni til beitar gegn því, að hann sæi um að halda girðingum þar við. Hins vegar hafi þessi afnot sjálfkrafa lagst af, þar sem verulega hafi dregið úr búskap Rafnkels og konu hans, Arnbjargar, síðustu árin, sem Rafnkell lifði.

Frá árinu 1983, eftir að stefndi hafi tekið við Árnanesi I. hafi Jón, sonur nefndra Rafnkels og Arnbjargar, haft hross á landspildunni með leyfi stefnda. Þá hafi viðhald girðinga á milli þrætulandsins og Ártúns annars vegar og milli spildunnar og lands Vilmundar Jónssonar hins vegar verið í höndum Gísla Hermannssonar í Ártúni frá árinu 1987 til 1991, þ. e., meðan hann hafi haft afnot af landi Vilmundar til 1991.

Árið 1991 urðu framkvæmdir á vegum dánarbúsins við girðinguna, er lá þvert yfir þrætulandið meðfram fjallinu, en stefndi mótmælti þessum framkvæmdum.

III.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að Rafnkell Jónsson hafi fengið þrætulandið til fullrar eignar og umráða frá löglegum eiganda þess, Guðrúnu Árnadóttur, móður sinni. Hins vegar bresti bréfflega heimild til landsins, og því sé dánarbúinu nauðsynlegt að fá eignarrétt yfir landinu viðurkenndan með dómi, sbr. 220. gr. laga nr. 85/1936, sbr. nú 122. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi reisir einnig kröfur sínar á því, að Rafnkell Jónsson hafi nytjað landið átölu- og leigulaust á 5. tug ára. Hann hafi því haft óslitið eignarhald á landinu í hefðartíma fullan samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga um hefð nr. 46/1905. Stefnandi bendir og á, að Rasmagnsveitur ríkisins hafi lagt svokallaða suðurlínu á öndverðum 9. áratugnum yfir land það, sem stefnandi krefst eignardóms yfir, og hafi Rafnkell Jónsson veitt leyfi til línulagnarinnar og fengið greiddar skaðabætur fyrir staurastæði og jarðrask vegna hennar.

Árin milli 1960 og 1970 hafi Vilmundur Jónsson látið grafa skurð á milli lands Árnaness, Austurbæjar efri, og þess lands, sem krafist er eignardóms yfir (sbr. línu A–R á nefndum uppdrætti). Hafi Rafnkell fengið leyfi Vilmundar til að kílraesa viðbótarlandið út í skurðinn 1970.

Um málskostnað vísar stefnandi til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 19/1991, en um virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988, sbr. lög nr. 110/1988 og lög nr. 119/1989.

Stefnandi hefur mótmælt varakröfu stefnda sérstaklega sem of seint fram kominni, en hún var sett fram við munnlegan flutning málsins 2. júlí sl.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að stefnandi hafi með sátt, gerðri á auka-dómþingi Austur-Skaftafellssýslu 20. febrúar 1991, lýst yfir því, að enginn ágreiningur væri um mörk spildna á Árnanesjörðum. Tilefni þess máls, sem sáttin hafi verið gerð í, hafi verið beiðni stefnda um fyrirtöku landamerkjamáls til ákvörðunar á landamerkjum Árnanesjarða I, II og III. Hafi sýslumaður við meðferð málsins m. a. skorað á Rafnkel Jónsson að lýsa kröfum sínum af þessu tilefni. Það hafi verið gert af hans hálfu með framlagningu greinargerðar Arnbjargar Sveinsdóttur á dómþingi 14. janúar 1991. Þar hafi verið gerðar sömu kröfur og stefnandi hafi nú uppi í þessu máli. Landamerkjamálinu hafi hins vegar lokið með nefndri sátt, sem m. a. hafi verið undirrituð af Arnbjörgu Sveinsdóttur, en í sáttinni hafi ekki verið víkið að kröfu Arnbjargar f. h. Rafnkels, heldur segi, að enginn ágreiningur sé uppi um mörk spildna í Árnanesjörðum. Sátt þessa verði því að leggja til grundvallar sem samkomulag um, að land stefnanda takmarkist við það land, sem Rafnkell hafi fengið útskipt árið 1939.

Stefndi kveður stefnanda ekki hafa lagt fram nein gögn sem sanni, að Rafnkell Jónsson hafi árið 1942 fengið viðbótarland frá móður sinni. Í ritinu Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu, útg. 1971, sé jörðin Dýhóll sögð vera 30 hektarar.

Stefndi mótmælir því, að stefnandi hafi unnið hefð á landspildunni samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905. Þau beitarafnot, sem stefnandi kunni að hafa haft af landspildunni, hafi ekki verið með þeim hætti, að fullnægt sé skilyrðum hefðarlaga um óslitið eignarhald, sbr. 3. mgr. 2. gr. sömu laga. Beit búfjár á landspildunni frá Dýhóli hafi ekki verið með öðrum hætti en frá nálægum bæjum. Þau afnot, sem Rafnkell og Arnbjörg kunni að hafa fengið af landspildunni, eftir að henni hafi verið lokað um 1970, hafi verið háð því skilyrði, að landinu yrði skilað aftur, þegar landeigandi óskaði.

Þá segir stefndi gögn málsins sýna, að sama ár og ræsi voru plægð í landi því, er Rafnkell Jónsson hafi fengið árið 1939, hafi einnig verið unnið að ræktun og framræslu á jörðinni Árnanesi I, m. a. á landspildunni, sem fjallað er um í málinu, og liggi ræsin annars vegar út í skurð milli Ártúns og Árnæss I og í skurð milli landspildunnar og lands Vilmundar Jónssonar. Stefndi mótmælir því sérstaklega, að reikningar, sem stefnandi hefur lagt fram um plægð lokræsi, sýni, hvar umrædd ræsi hafi verið plægð, og sanni því ekki not stefnanda af landinu.

Þá kveður stefndi það rangt, að af hálfu stefnanda hafi verið veitt leyfi til lagningar suðausturlínu um hina umdeildu landspildu og stefnandi fengið

greiddar skaðabætur fyrir staurastæður og jarðrask vegna hennar. Páll Jónsson og Vilmundur Jónsson hafi veitt leyfi til lagningar línunnar um land sitt, og hafi hin umdeilda spilda verið eini staðurinn í landareign þeirra, sem suðausturlínan liggur um. Stefndi kveðst hafa farið með þetta land sem eigandi og m. a. veitt leyfi til umferðar um það og komið fram gagnvart nágrennum vegna girðinga um landið, en að jarðrask og girðingarframkvæmdir stefnanda árið 1991 hafi verið heimildarlausar og stefndi sérstaklega mótmælt þeim. Eins og fram lögð landbúnaðarframtöl Rafnkels Jónssonar beri með sér, hafi verulega dregið úr kúabúskap hans um 1970, en sauðfé fjölgað. Umfang kúabúskapar ráðist ekki af beitolandi, heldur af möguleikum til að afla heyja.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefndi til reglna eignarréttar um stofnun og varanleika eignarréttinda, þ. m. t. ákvæða laga nr. 46/1905. Um málskostnaðarkröfu vísar stefndi til 129. gr., sbr. 130. gr. laga nr. 91/1991, og virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988, sbr. lög nr. 110/1988 og lög nr. 119/1989, sbr. c-lið 129. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi mótmælir sérstaklega málskostnaðarkröfu stefnanda sem of seint fram kominni.

IV.

Rétt þykir að rekja nokkuð framburð aðila og vitna í málinu.

Arnbjörg Sveinsdóttir, ekkja Rafnkels Jónssonar, hefur fyrir dómi borið, að hún hafi verið viðstödd og heyrt á tal þeirra mæðgina, er Guðrún Árnadóttir hafi gefið Rafnkeli, syni sínum, þrætulandið árið 1942. Hafi bræður Rafnkels, Páll og Guðjón, einnig verið viðstaddir. Sagði Arnbjörg: „Þetta var bara heima hjá þeim, og mér fannst þessu tekið eins og sjálfsgöðum hlut, að hann fengi þetta til viðbótar, svo að hann gæti lifað á þessu, sem honum var fengið í hendur, og til þess var honum afhent þetta.“ Um ástæðu þess, að þessum samningi hafi ekki verið þinglýst eða hann hafður skriflegur, sagði Arnbjörg: „Það var vegna þess, að þetta var bara afhent honum og landnámsstjórn eða nýbýlastjórn kom þar ekki inn í. Þess vegna var aldrei gengið frá þessu.“ Arnbjörg er hin eina, sem lifir af því fólki, sem á þarna að hafa komið við sögu.

Stefndi, sem var heimilisfastur að Dýhóli til ársins 1970, sagði fyrir dómi um þetta atriði, að aldrei hefði verið litið svo á, að þrætulandið væri eign föður hans, og bætti við: „Ég umgekkst þá bræður þarna í Árnanesi töluvert mikið, og þetta stykki létu þeir aldrei af höndum. Það hefði mér verið kunnugt um, ef það hefði verið gert. Aftur á móti heyrði ég oft á samtali, og það voru nú samtöl, sem enduðu yfirleitt ekkert sérlega vel, að það var

verið að biðja um þessa viðbót við ræktunina hjá þeim þarna fyrir ofan. Það var fengið úr þessu stykki. Var nú alltaf verið að biðja um meira og meira. Það var aldrei látið með góðu, það hlustaði ég á oftár en einu sinni." Það, sem foreldrar sínir kunni að hafa fengið umfram þá 30 hektara, sem hann telji, að Dýhólsland sé, hafi verið fengið að láni.

Af framburði ættingja og nágretta virðist sem Þorleifur Hjaltason, bóndi í Hólum, fæddur 23. október 1930, Vilmundur Hansen, fæddur 17. júlí 1959, er var í sveit hjá bræðrunum í Árnanesi frá fæðingu til ársins 1980, og áður nefndur Rafn Arnar Rafnkellsson, fæddur 6. september 1945, hafi talið þrætulandið vera í eigu Dýhóls. Hins vegar virðast eftirtaldir hafa talið þrætulandið tilheyrja Árnanesi efra: áðurnefndur Jón Benedikt Rafnkellsson, til heimilis að Dýhóli, fæddur 19. ágúst 1940, Sigurður Hjaltason, fyrrum bóndi í Ártúni, fæddur 12. maí 1923, Gísli Eymundur Hermannsson, bóndi í Ártúni, fæddur 16. febrúar 1942, Úlfar Antonsson, fæddur 16. júlí 1949, er var í sveit hjá Páli og Guðjóni í Árnanesi sex sumur frá 1958 til 1964, og Þórir Brynjúlfsson, fæddur 22. október 1961, er var í sveit í Árnanesi á sumrin frá árinu 1970 og auk þess oft síðar komið á staðinn. Brynjólfur Tryggvi Árnason, fæddur 23. nóvember 1951, er fluttist frá Selfossi í Nesjahrepp 1978 og var sveitarstjóri í Nesjahreppi frá árinu 1978 til byrjunar árs 1985, kvaðst einnig hafa staðið í þeirri meiningu, að landið væri Páls og Guðjóns. Nefndur Gísli kvaðst lítið hafa þekkt til á þessum slóðum, áður en hann fluttist í Ártún.

V.

Aðilar eru ósammála um það, hvaða búfénaður og frá hverjum var á landinu og hvernig hafi verið staðið að framkvæmdum vegna landsins.

Arnbjörg Sveinsdóttir kveður Vilmund Jónsson hafa í félagi við Skírni Hákonarson á Borgum um og eftir 1962 girt á milli landa sinna og upp í skriður og undir kletta. Síðan hafi verið girt fram með þjóðveginum gamla, og þar með hafi útlínur efra landsins verið girtar fjárheldri girðingu. Hafi Rafnkell tekið þátt í að girða fram með veginum. Hins vegar hafi bræður hans ætíð aðstóðað hann, er með þurfti, því að Rafnkell hafi alltaf verið maður heilsulítil. Vegna girðingarframkvæmda hafi Rafnkell keypt efnið, en bræður hans rekið niður staura og annað því um líkt. Hafi orðið að samkomulagi með þeim bræðrum, að Vilmundur girti, en Rafnkell myndi aðstóða við viðhald og sæi svo um endurnýjun, þegar til þess kæmi, og hafi sú girðing verið endurnýjuð. Eftir þessar girðingarframkvæmdir hafi landið verið nánast algjörlega gripa- og fjárhelt í mörg ár, og hafi girðingarnar haldið annarra kindum úti. Hins vegar hafi Vilmundur ekki lokað sitt land

af gagnvart Dýhóli og þrætulandinu með girðingu og skurðum fyrr en fyrir eða um 1968 og þá jafnframt afhent þeim á Dýhóli spildu við svokallaðan Götuhól og nágrenni hans, sem er rétt norðvestan við bæjarhúsin á Dýhóli. Hafi Vilmundur raunar ekki treyst sér til að girða upp í skriður, en látið sér nægja að girða þvert yfir sitt land. Hafi Vilmundur þá sagt Rafnkeli, að hann mætti hafa girðinguna, sem var í skriðunni (lína A–B á uppdrætti), ef hann vildi halda henni við til að halda landinu lokuðu, því að Vilmundur hafi girt þvert fyrir, þar sem hann treysti sér ekki til að girða upp í skriðuna austan megin. Þar sem land Dýhóls hafi verið í girtum heimahögum, hafi verið hætt að gera þar fjallskil. Hafi fé og nautgripir frá Dýhóli verið reknir á þetta land, en þar sem margt nautgripa hafi verið á Dýhóli, en beit ekki alltaf nægileg, hafi Vilmundur leyft þeim að reka gripi sína á sitt afgirta land, meðan háin var að spretta. Þá hafi Vilmundur grafið skurði milli Dýhóls og Austurbæjar efri nokkuð inni á sínu landi, þar sem jarðvegur hafi verið þannig, að erfitt hafi verið að taka skurði alveg á landamörkum, og hafi Vilmundur látið Rafnkel hafa mismuninn austan megin við Austurbæ efri. Um 1970, er ræktað tún við Dýhól hafi verið orðið u. þ. b. 27 hektarar, hafi þau á Dýhóli hætt að leita heysfanga víðar að. Landamerkjagirðingu þeirri, sem upphaflega hafi verið á milli Hóla og Árnarnessjarða, hafi þau á Dýhóli haldið við eftir föngum, uns Rafnkell hafi gefist upp á því sökum heilsuleysis og girðingin þá fjarlægð og ekki endurnýjuð. Arnbjörg kvað þau á Dýhóli hafa borið hluta kostnaðar á móti Sigurði Hjaltasyni í Hólum af grefti skurðar á milli lands Dýhóls og upp í þrætulandið í átt að gamalli stóðhestagirðingu, sem náð hafi nokkuð í átt að fjalli, en síðan hafi Sigurður reist girðingu, þar sem skurðinum sleppti, og hafi hún náð að stóðhestagirðingunni, en tekið skurð, þar sem stóðhestagirðingin endaði, og hafi sá skurður náð hér um bil að fjallsrótum. Þetta hafi Sigurður gert án þess að óska eftir því, að Dýhólsfólkið tæki þátt í kostnaði, en þau á Dýhóli hafi reynt að halda þessari girðingu við til að verja túnið. Þessi girðing hafi ekki verið endurnýjuð.

Í gögnum málsins er ljósrit af reikningi, dagsettum 8. desember 1984, frá Rafnkeli Jónssyni, undirrituðum af Arnbjörgu Sveinsdóttur og samþykktum af Guðmundi Sæmundssyni, starfsmanni Rafmagnsveitna ríkisins. Þar kemur fram, að Rafnkell sem eigandi og ábúandi á Dýhóli tók við 19.600 kr. í bætur vegna jarðrasks á jörð hans vegna uppsetningar tveggja staura-stæða í túni vegna suðurlínu, sem sögð er liggja yfir land hans, og 38.200 kr. í kílræsabætur. Arnbjörg hefur borið, að hún hafi ritað undir þetta skjal í stofunni að Dýhóli að viðstöddum Tryggva Árnasyni, þáverandi sveitarstjóra. Í reikningnum er vísað til yfirlýsingar Rafnkels Jónssonar frá 19. febrúar 1981 um heimild og skilmála til lagningar línunnar um landið, og er

ljósrit af þeirri yfirlýsingu í gögnum málsins. Undir þessa yfirlýsingu ritar Rafnkell Jónsson sem landeigandi auk Stefáns Árnasonar, starfsmanns Rafmagnsveitna ríkisins, og tveggja votta. Í gögnum málsins er samhljóða yfirlýsing, dagsett sama dag, undirrituð af Páli Jónssyni fyrir sína hönd og Vilmundar Jónssonar, eigenda jarðarinnar Árnanes. Sem samþykktur þessari yfirlýsingu ritar nefndur Stefán Árnason f. h. rafmagnsveitnanna og tveir vottar.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu ljósrit af reikningi til Rafnkels Jónssonar frá Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga. Þar kemur fram, að hann hafi greitt fyrir plægingu lokræsa árið 1970, 9 km í túni og 74 km annars staðar. Stefndi hefur hins vegar lagt fram í málinu gögn, er sýna, að árið 1970 hafi 32 km af plógræsum verið tekin í landi Árnanes I.

Stefndi hefur borið fyrir dómi, að frá árinu 1942 hafi þrætulandið og önnur stykki þar við verið óskipt og búpeningur frá ýmsum jörðum fleirum en Dýhóli gengið þar um alla leið inn í Laxárdal. Hafi Páll og Guðjón í Árnanesi og Vilmundur, bróðir þeirra, einir staðið að grefti skurða og lagningu girðinga um þrætulandið, en girðingarnar hafi þó ekki hindrað fé í að renna á milli landa. Minntist stefndi þess, að einhvern tíma á árunum 1968–1970 hafi bræðurnir í Árnanesi girt þetta stykki, bæði austan megin, þ. e. milli þrætulandsins og Ártúns, og hinum megin, milli Austurbæjar efri og þrætulandsins. Hafi þeir fram að þessum tíma og eftir hann notað þennan blett fyrir stóðhesta, en þetta hafi verið eini girti bletturinn, sem þeir hafi átt, en áður hafi fé frá ýmsum bæjum verið þarna.

Stefndi kvað bóndann í Ártúni hafa árið 1983 eða 1984 rætt við sig um lélegt ástand girðinga á milli Ártúns og þrætulandsins. Hafi það orðið til þess, að girðingin milli Ártúns og þrætulandsins hafi verið endurreist, og hafi hann sjálfur útvegað allt stauraefni í girðinguna. Einnig hafi Ártúnsbóndinn fengið leyfi stefnda til að reka hross sín yfir þetta stykki. Þá hafi Jón, bróðir stefnda, fengið leyfi hjá stefnda til að beita hrossum sínum á þrætulandinu.

Um ástæðu þess, að bætarnar vegna lagningar suðurlínu hafi runnið til Dýhóls, sagði stefndi, að Páll og Vilmundur hefðu gefið rafmagnsveitunni leyfi til að fara yfir þrætulandið og önnur lönd þeim tilheyrandi. En Páll hafi dáið 1983 og Guðjón verið kominn á elliheimili, er batur voru greiddar. Sjálfur hafi hann ekki verið heima þá og ekki vitað um þessar greiðslur fyrr en einhverjum árum síðar og ekki séð ástæðu til að krefja Dýhólsfólkið um greiðsluna. Þá kvað stefndi það alrangt, að Dýhóll hefði verið leystur undan fjallskilaskyldu, eins og stefnandi heldur fram. Kvaðst hann sjálfur hafa í mörg ár gengið í afrétti, eftir að hann hafði verið sendur frá Dýhóli í smölun.

Nefndur Rafn Arnar Rafnkelsson kvað þrætulandið hafa verið nýtt af Dýhóli til beitarsauðfjár og nautgripa. Hafi landið eingöngu verið nýtt af Dýhóli, sérstaklega eftir að það hafi verið girt um 1960, er Vilmundur Jónsson hafi lokað af sitt land. Áður en girt var, hafi nýtingunni verið þannig háttað, að rekið hafi verið í landið fé og nautgripir frá Dýhóli, en féð hafi nokkuð viljað sækja þaðan og norður í Laxárdal. Eins hafi eitthvað verið um, að fé frá öðrum bæjum hafi sótt á landið. Eftir að landið hafi verið girt, fljótlega upp úr 1960, hafi þau á Dýhóli ekki þurft að smala afréttir eins og áður. Rafn Arnar kvaðst telja, að girðingin um þrætulandið hefði verið sæmilega sauðheld, en nokkuð þó verið um, að fé frá öðrum kæmist inn. Þá hefðu þau á Dýhóli séð um nauðsynlegasta viðhald á girðingunum.

Nefndur Jón Benedikt Rafnkelsson kvaðst fyrir dómi hafa beitt 2–3 hrossum sínum í þrætulandið, sennilega síðastliðin fjórtán ár. Það hafi hann gert án athugasemda frá þeim frændum sínum, Páli og Guðjóni, sem hann taldi, að ættu landið. Jón minntist þess, að stefndi hefði eitt sinn sagt við sig, að hann gæti haft hrossin í landinu að vild. Hann kvaðst ekki hafa dvalist alla tíð á Dýhóli og ekkert hugsað út í, hver hefði sinnt viðhaldi girðinga. Ekki kvaðst hann vita, hver hefði greitt fyrir kílræsaframkvæmdir.

Vitnið Þorleifur Hjaltason hefur borið, að Dýhólsfólkið hafi allan búskapartíma sinn og fram á þennan dag notað þetta svokallaða Efraland sem beitiland fyrir allan bústofninn á Dýhóli. Eftir að Efralandið hafi verið girt í sundur, hafi austasti hluti þess, þ. e. þrætulandið, eingöngu verið nytjað frá Dýhóli, en það sé sá hluti landsins, sem áður hafi tilheyrt Austurbænum í Árnanesi. Minntist Þorleifur þess að hafa ásamt Páli og Vilmundi og jafnvel Guðjóni árið 1958 unnið við að setja upp og laga girðingu á milli Ártúns og þrætulandsins. Þetta hafi hann gert fyrir bróður sinn, Sigurð, er þá bjó í Árnanesi, og hafi sú girðing legið eins og eldri girðingin, er þar var. Vitnið kvaðst minnst þess, að Páll og Guðjón hefðu verið með hross á þessu svæði, en ekki á þessari skák einni, eftir að hún var frágirt.

Vitnið Sigurður Hjaltason, sem er fæddur og upp alinn í Hólum, sagði, að á þeim tíma, er hann bjó í Ártúni, hefði búfé gengið óhindrað um þessi lönd, þar sem girðingar hefðu verið hálf-niðurfallnar og lélegar. Kvaðst hann hafa tekið þátt í með Dýhólsfólkinu að grafa skurð milli landa þess og upp að þrætulandinu, en síðar, 1957 eða 1958, ásamt Páli, Guðjóni og Vilmundi kostað og staðið að því að grafa skurð á milli þrætulandsins og lands Ártúns. Fyrir sína hönd hefði Þorleifur Hjaltason unnið að framkvæmdunum, því að sjálfur hefði hann þá verið slasaður. Um það leyti hafi nefndir bræður og vitnið einnig staðið að girðingarframkvæmdum milli landanna, sem hafi lokið fyrir 1960. Áður en þessar framkvæmdir voru unnar, hefðu

skepnur gengið óhindrað á þrætulandið. Kúm á Dýhóli hefði einnig verið beitt þangað, en einnig í Árnanesi, meðan þetta var ógirt svæði.

Vitnið Gísli Eymundur Hermannsson, bóndi í Ártúni, kvað þessi þrjú stykki, þ. e. svokallað Villaland, þrætulandið, og u. þ. b. 30 hektara lands hjá sér, ekki hafa verið aðskilin öðruvísi en með stórgripaheldum skurðum, frá því að hann fluttist að Árnanesi árið 1960 og til 1987, er hann hefði girt sitt land af í samráði við stefnda og haldið þeirri girðingu við sjálfur. Þær girðingar, sem áður hefðu verið reistar á þessum mörkum, hefðu verið gerðar í samráði við Pál og Guðjón Jónssyni. Um þetta samráð við Pál og Guðjón sagði vitnið: „Aðeins kom þetta til tals, já, mjög lítið samt. Við orðuðum þetta pínulítið.“ Vitnið kvaðst hafa smalað á þessu landi, sótt sitt fé og komið óskilafé þaðan til skila eða lögréttar. Árið 1977 hefði hann fengið leyfi stefnda til að fara yfir þrætulandið með skepnur yfir á næsta land vestan við, eign Vilmundar Jónssonar og síðar Huldu Mogensen, og fengið að nýta það undir hross gegn því að viðhalda einhverju af girðingum. Vitnið kvaðst þó sjaldnast hafa farið með hross yfir þrætulandið, en notað þjóðveginn nýja frekar í því skyni. Vitnið kvað þá bræður, Pál og Guðjón, hafa notað þetta land undir hross, en aðallega hefði landið verið notað undir hross og gripi frá Dýhóli. Vitnið kvaðst muna eftir því, er þrætulandið var kílræst, en ekki vita, hver hefði kostað þær framkvæmdir.

Vitnið Brynjólfur Tryggvi Árnason, fyrrverandi sveitarstjóri, kvaðst í byrjun árs 1981 hafa, ásamt Stefáni Árnasyni, fulltrúa frá Rafmagnsveitum ríksins, farið á nokkra bæi í Nesjahreppi til að gera samninga við jarðeigendur á þessu svæði, þar sem fyrirhuguð byggðalína skyldi lögð um. Að ósk bænda í hreppnum hefði hann verið til aðstoðar og til að gæta hagsmuna bænda, m. a. í Ártúni. Árnanesi, Meðalfelli, Bjarnanesi og Stapa. Jafnframt hafi hann verið með umboð frá Vilmundi Jónssyni og síðar Huldu Mogensen. Þegar samningar hafi staðið yfir, hafi komið upp kvíði hjá eigendum Árnanes um, að kílræsum í landi þeirra myndi spillt. Hafi Páll Jónsson og Hulda Mogensen gert kröfu um að rörleggja ræsin, áður en vegur yrði lagður yfir þau, og krafist sérstakra bóta fyrir hugsanlegar skemmdir á ræsum. Í þessum viðræðum hefði ekki verið rætt um staurastæður á þrætulandinu við aðra en Pál í Árnanesi, þar sem gert hefði verið ráð fyrir því, að stæðurnar væru í landi Páls. Hins vegar hefði einnig verið talað við fólkið á Dýhóli, en þá verið um að ræða óskir um að fá, ef svo bæri undir, að fara um gamla þjóðveginn á landi Dýhóls til að komast að hugsanlegum stæðum. En meðan á viðræðum við bændur hefði staðið, hefði ekki verið að fullu ljóst, hvar stæður kæmu niður í landið. Hins vegar kvaðst vitnið ekki vita til, að stæður hefðu átt að koma í Dýhólsland. Vitnið kvað sér vera

ókunnugt um greiðslur bóta til eigenda Dýhóls, en hafa verið viðstaddur greiðslu bóta f. h. Vilmundar Jónssonar eða Huldu Mogensen, Ártúns og Stapa og Bjarnaness. Er vitnið var spurt um þá fullyrðingu Arnþjargar Sveinsdóttur, að ábúendur Dýhóls hefðu sloppið við fjallskil, sagði vitnið: „Fjallskil í Nesjum hafa verið með öðrum hætti en víðast annars staðar á landinu. Það hafa ekki verið greidd svokölluð fjallskilagjöld. Menn hafa verið skipaðir í leitir á ákveðnum svæðum eftir einhverri eldgamalli formúlu, og það var ákveðið, hve marga menn þyrfti í hverja leit í hvert skipti, og þetta voru ósköp hefðbundin bréf, sem út voru send. En Dýhóll var, meðan ég var þarna inni, alltaf skipaður í leitir, eins og verið hafði ...“

Vitnið Vilmundur Hansen, dóttursonur Vilmundar Jónssonar, kvað það hafa staðið til, að hann fengi land Vilmundar Jónssonar eftir hans dag. Hafi sér verið mjög greinilega sagt, hvar landamerki væru. Vottorð hans vegna málsins um landamerki er svohljóðandi: „Landamerki svonefnds Efralands, fyrrum eignar Vilmundar Jónssonar í Árnanesi, markast af skurði og girðingu að austan. Upphaflega voru landamerki þessi nokkrum metrum austar, en þegar Vilmundur gróf skurðinn, varð það að samkomulagi milli hans og Rafnkels Jónssonar, að þessir metrar skyldu tilheyra Dýhóli. Einnig varð samkomulag um, að Vilmundur sæi um að girða fyrst; núverandi girðing, sem girt var af eigendum Dýhóls, telst því sameign Dýhóls og núverandi eigenda Efralandsins.“

Um notkun á þrætulandinu kvað vitnið landið hafa verið nýtt frá Dýhóli, fyrst með nautgripum og síðar einnig með fé. Ekki kvaðst vitnið muna, hvort hinir bræðurnir hefðu rekið þangað búpening. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um, frá hvaða bæjum fé var á þrætulandinu, áður en það var girt, en eftir það hefði landið verið nýtt frá Dýhóli, sem einnig hefði fengið að nýta landið fyrir vestan þrætulandið, þ. e. a. s. svokallað Vilmundarstykki. Vitnið kvaðst telja, að nefnd girðing á milli þrætulandsins og Austurbæjar efri hefði verið reist um 1970.

Vitnið Úlfar Antonsson kvað þrætulandið hafa verið ógirt og opið, er vitnið kom fyrst í sveit til Páls og Guðjóns sumarið 1958, og greiður aðgangur verið fyrir sauðfé inn í Laxárdal. Hefði það frekar verið rekið í dalinn en á þetta land. Upp úr 1960 hefðu þeir Páll og Guðjón ásamt Skírni á Borgum tekið sig til og girt allt þetta svokallaða Efraland og hross þeirra Páls, Guðjóns og Vilmundar flutt á landið. Girðingin hefði verið ágætlega gerð, hestheld, en ekki fjárheld, og oft slæðingur af sauðfé þar inni. Þá hefði eitthvað verið um, að nautgripum frá Dýhól væri beitt þangað. Vitnið kvað girðinguna hafa verið reista að ósk Skírnis á Borgum, og hafi vitnið Páll og Guðjón auk fólks frá Borgum tekið þátt í því verki. Hafi girðingin verið notuð

undir 30–40 hesta, þegar mest var. Vitnið kvaðst telja, að hestar hefðu eitt-hvað verið í þessari girðingu eftir 1970, eftir að skurður var grafinn.

Vitnið Þórir Brynjúlfsson, er var í sveit hjá Páli og Guðjóni í fimm sumur frá árinu 1970, kvað þá Pál og Guðjón hafa verið með hross í þrætulandinu, sennilega allt til ársins 1975, en hins vegar hefði sauðfé þeirra bræðra farið í afrétt í Laxárdal. Þó hefði alltaf eitthvað verið um sauðfé á þessu svæði auk kúnna frá Dýhóli. Menn hefðu lagað girðingar með handafli eftir föngum, er þeir hefðu átt leið um landið.

Í gögnum málsins er yfirlýsing, dagsett 1. júlí 1993, undirrituð af Jóni Axel Antonssyni, sem fæddur er 5. júní 1956, og tveimur vottum. Þar kemur fram, að hann hafi verið í sveit sem barn og unglingur hjá Páli og Guðjóni í Árnanesi á hverju sumri frá 1961 til ársins 1971, auk þess oft síðar heimsótt þá bræður. Hafi þeir talað um þrætulandið sem sína eign og notað landið og land Vilmundar undir hross. Þarna hafi einnig verið eitthvað um skepnur frá Dýhóli. Girðingar hafi ekki verið sauðheldar.

Jón Axel Antonsson gaf ekki skýrslu fyrir dómi.

VI.

Árið 1991 var tekið fyrir á aukadómþingi Austur-Skaftafellssýslu að beiðni stefnda í þessu máli landamerkjamáli til ákvörðunar á landamerkjum Árnarnessjarða I, II og III. Við fyrirtöku málsins voru ýmsir þeir, sem eiga lönd að Árnanesi I, II og III, m. a. Arnbjörg Sveinsdóttir vegna Rafnkels Jónssonar. Í greinargerð, sem Arnbjörg lagði fram f. h. Rafnkels Jónssonar á aukadómþinginu 14. janúar 1991 eftir áskorun sýslumanns og stefndi hefur lagt fram í máli þessu, nefnir Arnbjörg, að árið 1942 hafi Rafnkell fengið viðbótarland frá móður sinni. Í greinargerðinni er vísað til undirritaðrar lýsingar Rafnkels Jónssonar á landamörkum Dýhóls. Um landmörk Dýhóls segir í greinargerðinni: „Á austursíðuna gilda mörkin milli Dýhóls og Hóla og milli Ártúns og Dýhóls upp í Arnarhamar austast, en að suðvestan við land efri Austurbæjar í Árnanesi afmarkast það af djúpskurði, sem nær neðan frá Hólalæk upp að landi Klettabrekku, vestur af eystri Strýtukletti, síðan eftir skurði upp að gamla þjóðvegi og ofan gamla þjóðvegur við land efri Austurbæjar að mestu afmarkað af skurðum vestan og norðan við Götuhól til fjalla eftir línu, sem nær upp í skriður við neðstu klettabelti, og þaðan að landamörkum Ártúns við Arnarhamar austast.“

Í málinu var gerð dómsátt, undirrituð af níu aðilum, þ. á m. Arnbjörgu Sveinsdóttur, stefnda og lögmanni hans í því máli. Í sáttinni er ekki berlega greint frá landamerkjum á milli Dýhóls og Árnarnessjarða, en þar segir m. a.: „...Að öðru leyti fer um eignarrétt yfir spildum, eyjum og fjallendi svo sem greinir í kröfugerð í dskj. nr. 62, og enginn ágreiningur er um mörk

spildna í Árnanes sjörðum.“ Er sáttin var borin undir Arnþjórgu Sveinsdóttur fyrir dómi í máli þessu, sagði hún, að hún hefði aldrei fallið frá kröfum sínum, en það hefði ekki staðið til af hálfu aðila að fara í landamerkjamálmál, og sinn skilningur hefði verið sá, að skv. ráðum þáverandi lögmanns stefnda hefði krafa sín ekki þá verið afgreidd, heldur mörk jarðanna fyrir neðan þjóðveg. Hefði kort það, sem sér hefði verið sýnt á dómþinginu, ekki fjallað um mörkin varðandi þrætulandið. Upplýst er í málinu, að uppdráttur sá, sem bókað var um, að gera skyldi í samræmi við sáttina, hefur aldrei verið gerður, og er í sáttinni ekki talað sérstaklega um mörk milli lands stefnda og Dýhóls, heldur einvörðungu um mörk milli lands stefnda og annarra landspildna í Árnanes sjörðum.

VII.

Niðurstöður.

Dómari hefur kannað vettvang ásamt lögmonnum aðila.

Ljóst er samkvæmt framburði vitna og þeim skattframtölum, sem liggja frammi í málinu, að stórt kúabú var rekið frá Dýhóli, auk þess sem eitthvað var um sauðfé og fáein hross. Var búið á Dýhóli á tímabili eitt stærsta kúabú í Austur-Skaftafellssýslu. Gott samkomulag var á milli bræðranna allra og samgangur mikill á milli bæja, en nánast var um að ræða tvíbýli hjá Vilmundi annars vegar og Páli og Guðjóni hins vegar. Þeir bræður aðstoðuðu Rafnkel, bróður sinn, sem lengst af var heilsulítill.

Telja verður, að Rafnkell Jónsson hafi að einhverju leyti staðið að gerð kílraesa á hinu umdeilda landi. Girðingar virðast ekki alltaf hafa verið vel fjárheldar og viðhald þeirra lítið, og virðast Páll og Guðjón Jónssynir hafa haft afskipti af framkvæmdum vegna landsins og eitthvað beitt þar hrossum sínum. Landið hefur ekki verið nýtt til annars en beitar, og sýnist eigandi eða eigendur þess ekki hafa reynt mikið að hindra, að skepnur í eigu annarra bitu landið, og ekki var tekin leiga fyrir nýtingu þess. Skepnur frá Dýhóli virðist lengi hafa markvisst verið beitt þangað, en auk þess hrossum frá Árnanesi, og einnig virðist sauðfé frá ýmsum bæjum hafa, sennilega allt til ársins 1970, slæðst inn á landið vegna ástands girðinga. Ekki er ljóst af framburði aðila og vitna, hvernig fjallskilum var hagað frá Dýhóli.

Þeir, sem þekkja til á þessu svæði og gefið hafa skýrslu fyrir dómi, eru ekki einhuga um það, hver eða hverjir af þeim bræðrum hafi talið sig eiga landið. Þeirri fullyrðingu stefnda er ekki mótmælt, að suðausturlína hafi hvergi legið um land Páls Jónssonar, heldur einungis um þrætulandið, en Rafnkell Jónsson tók við bótum frá Rafmagnsveitum ríkisins sem eigandi þess.

Samkvæmt nefndu vottorði sýslumannsins í Vík og því, sem fram hefur komið í málinu, hefur enginn hluti af Árnanesi annar en Dýhóll, lítill hluti

landsins, verið afhentur erfingjum Guðrúnar Árnadóttur með skriflegu afsali. Þar sem Guðrún er skráð eignalaus við andlát, má ætla, að landi hennar hafi verið skipt með lífsgerningum, og verður ekki séð, að deilur hafi risið á milli þeirra bræðra um skipti eða nýtingu landsins. Sú staðreynd, að þannig hafi verið staðið að málum, styður fullyrðingar Arnbjargar Sveinsdóttur um ástæðu þess, að skriflegt afsal var einungis gert í tilefni stofnunar Dýhóls. Arnbjörg Sveinsdóttir er ein á lífi af þeim, sem geta borið um, að móðir Rafnkels Jónssonar hafi afhent Rafnkeli landið árið 1942, og eru engin skrifleg gögn um, að Páll og Guðjón hafi fengið þrætulandið frá foreldrum sínum. Hins vegar er í nefndri greinargerð, sem Arnbjörg lagði fram á aukadómþingi Austur-Skaftafellssýslu, vísað til skriflegrar yfirlýsingar Rafnkels um landmörk Dýhóls.

Eins og áður er nefnt, var mál þetta endurupptekið eftir dómtöku þess í samræmi við 104. gr. laga nr. 91/1991. Benti dómari á nauðsyn þess, að frekari gagna væri aflað, sem skýrt gætu frekar efni sáttarinnar, er gerð var í aukadómþingi Austur-Skaftafellssýslu. Stefnandi lagði þá fram ljósrít af áðurnefndri landamarkalýsingu Rafnkels Jónssonar fyrir Dýhól. Í lýsingu Rafnkels segir m. a.: „Þar sem nýbýlið Dýhóll hefur fengið viðbótarlandspildu við það, sem áður var afmarkað úr neðri og efri austurbænum í Árnanesi í Nesjum, breytast landamerki jarðanna í samræmi við það og verða þá sem hér segir: ...“ Lýsing Rafnkels á landi sínu er á sama veg og greinargerðin, sem Arnbjörg, kona hans, lagði fram á aukadómþinginu, enda sótti hún það fyrir hans hönd. Upplýst er, að í dómsáttinni var ekki fjallað sérstaklega um mörk Dýhóls og landa stefnda í Árnnessjörðum. Verður ekki talið, að Arnbjörg hafi verið með undirritun áðurgreindrar sáttar að afsala f. h. manns síns landi, sem hann taldi sig eiga, heldur, ef eitthvað er, að stefndi í máli þessu hafi með undirritun sáttarinnar fallið frá kröfum sínum til hins umdeilda lands, en ekki verður séð af gögnum, sem lögð hafa verið fram tilheyrandi sáttinni, að hún hafi náð til þrætulandsins eða að stefndi hafi þá gert sérstaka kröfu um það land.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður eignarhald á landinu ekki metið eftir nýtingu þess, heldur verður að leggja til grundvallar skriflega lýsingu Rafnkels heitins Jónssonar á landi sínu og fullyrðingu Arnbjargar Jónsdóttur um, að Guðrún Árnadóttir hafi afhent Rafnkeli landið til eignar, svo að hann gæti alið bústofn, þar sem upphaflegt land Dýhóls reyndist ekki nægilega gott til jarðyrkju.

Vegna mótmæla stefnanda og með vísan til 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála telst varakrafa stefnda hafa komið of seint fram, og verður ekki tekið tillit til hennar við úrlausn málsins.

Með þessum rökum verður fallist á kröfu stefnanda, nema hvað rétt þykir með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 að láta hvorn aðila bera sinn kostnað af málinu.

Ólafur Börkur Þorvaldsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Viðurkenndur er eignarréttur stefnanda, dánarbús Rafnkels Jónssonar, yfir landspildu, sem liggur til norðausturs frá eldra landi Dýhóls til fjalls (upp í skriður við neðstu klettabelti í Arnarhömrum). Land þetta er 62 ha að stærð og afmarkast nánar af eftirfarandi markalínunum á meðfylgjandi uppdrætti Þorgríms Eiríkssonar verkfræðings. Markalínurnar eru: Að suðaustan (gagnvart löndum jarðanna Hóla og Ártúns, Nesjahreppi) af 1298,71 m langri línu, sem dregin er til norðausturs frá punkti merktum P á uppdrættinum, um punkt C upp í Arnarhamar austast, í punkt B á uppdrættinum. Að norðaustan fylgir línar efstu brún á skriðum við neðstu klettabelti Arnarhamra frá punkti B í punkt A á uppdrættinum, að norðvestan (gagnvart landi jarðarinnar Árnanes, Austurbæjar efri, Nesjahreppi) af beinni 1455,10 m langri línu úr punkti A til suðvesturs í punkt R og að sunnan af beinni 469,85 m langri línu, sem dregin er milli punktanna R og P, á mörkum eldra lands Dýhóls og þess lands, sem hér er lýst.

Málkostnaður fellur niður.